



Alþingi
Erindi nr. Þ 137/293
komudagur 30.11.2005

28. nóvember 2005
SÍ 26018

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um bensíngjald og olfugjald

Með bréfi dags. 10. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskipta-
nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga
um bensíngjald og olfugjald, 30. mál á 132. löggjafarþingi.


Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald af bensíni og olfugjald af dísilólú
í almennri sölu verði lækkað um 4 kr. á lítra frá byrjun nóvember til
loka mars. Lækkun útsöluverðs og tekjutap ríkissjóðs verða öllu meiri
en þessu nemur, því virðisaukaskattur leggst ofan á eldsneytisgjöld og
eldsneytisnotendur greiða að meðaltali lægri virðisaukaskatt af því sem
þeir kaupa fyrir bensínsparnaðinn.

Frumvarpið kallar á sértæka skattalækkun á þensluskeiði sem færi í
bága við viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af verðbólgu. Þótt
ráðstafanir samkvæmt frumvarpinu myndu lækka verð tímabundið,
gengur lækkunin til baka þegar lögin falla úr gildi. Horft til lengri tíma
en skattalækkunin varir yki gjaldalækkunin lítilega eftirspurn og e.t.v.
verðbólgu. Loks draga ráðstafanir frumvarpsins úr eðlilegum við-
brögðum við hækkandi eldsneytisverði, t.d. með vali á sparneytnari
bílum og minni akstri.

Af framangreindum ástæðum leggst Seðlabankinn gegn því að frum-
varpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605